



262. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn á skrifstofu SASS, Austurvegi 56, Selfossi, fimmtudaginn 14. desember 2017 kl. 14:00.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, Anna Björg Nielsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ágúst Sigurðsson og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, og Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, auk þess sátu fundinn undir lið 1 og 2 Sigurður Þór Sigurðsson, formaður Atorku, og Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu.

Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, kynnti stöðu mála varðandi gas- og jarðgerðarstöð Sorpu.

2. Atorka

Sigurður Þór Sigurðsson gerði grein fyrir áhuga meðal fyrirtækja að skoða hvað aðrir eru að gera í sorpmálum. Stefnt er að því að gera könnun meðal atvinnurekenda um magn úrgangs, stöðu mála og hvað fyrirtæki treysti sér til að flokka. Samþykkt var að SOS taki þátt í gerð könnunarinnar og Stefán Gíslason taki að sér að leiða vinnuna.

3. Viðræður við SSH.

Fundur verður haldinn í næstu viku, Jón, Ásta, Anna Björg og Gunnsteinn Ómarsson fara á fundinn.

4. Félagafundur SOS þann 15. des. nk.

Farið var yfir tillögu um aukningu hlutafjár sem verður til afgreiðslu á fundinum.

5. Orkugerðin.

Farið verður yfir stöðu mála á félagafundinum á morgun.

6. Tillögur stjórnar SOS um úrgangsmál á Suðurlandi.

Stefán Gíslason fór yfir stöðu verkefna. Farið var yfir fyrstu athugun á því hvort raunhæft væri að lífrænn úrgangur yrði meðhöndlaður í Orkugerðinni. Rætt var um meðhöndlun lífræns úrgangs á vegum sveitarfélaganna í gámakerfum, t.d. á Strönd, og hins vegar um möguleika sveitarfélaga að semja við sína hirðuaðila. Lagt var til að sveitarfélögin skoði möguleika á sérsöfnun úrgangs.

Rætt var um drög að samþykktum um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélögunum.

Lagt er til að sveitarfélögin skoði möguleika á sérsöfnun plasts.

7. Önnur mál.

Heimasíða SOS – uppfæra þarf heimasíðuna sem er í gömlu kerfi.

Umhverfis Suðurland er áhersluverkefni SASS. Sett hafa verið niður drög að dagskrá. Verkefnisstjórn sóknaráætlunar hefur ákveðið að veita í verkefnið 10 mkr, sem á eftir að staðfesta af stjórn.

Undirbúningur að gerð ársreiknings er hafinn.

8. Vettvangsferð.

Farið var í vettvangsferð í Orkugerðina í Flóa. Guðmundur Tryggvi og Ólafur Wernersson, framkvæmdastjóri, sýndu verksmiðjuna.

Næsti fundur verður haldinn 30. janúar n.k. kl. 14:00.

Fundi slitið kl. 16:15.